


## CHOPIN OG BEETHOVEN

Robert Spano, hljómsveitarstjóri  
Ástríður Alda Sigurðardóttir, einleikari



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

2009/10





# „TÍMAMÓTAVERK

... eitt það merkilegasta sem komið er út á þessu ári ... Ítarleg og vönduð ævisaga um jöfur í íslenskri tónsköpun.“

Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið



„Jón Leifs hefur fengið þá umfjöllun sem hann verðskuldar.“

Jón Viðar Jónsson / DV

„Verulega áhugaverð og góð ævisaga og ákaflega gaman að lesa hana.“


Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan

„... grípandi örlagasaga ... Að lestri loknum þykir mér vænt um þennan mann.“

Jenný Anna Baldursdóttir  
bókabloggari

„Hreint út sagt frábær bók ... Ef ég væri að deila út stjórnun þá myndi ég gefa henni fullt hús og jafnvel, að stórhuga hætti Jóns Leifs, taka kúlulán fyrir aukastjórnun ...“

Helgi Jónsson / Víðsjá



Vönduð og spennandi ævisaga  
eftir tónlistarfræðinginn Árna  
Heimi Ingólfsson.



MÁL OG MENNING  
[www.fortagid.is](http://www.fortagid.is)



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

Tónleikar í Háskólabíói 3. desember 2009 kl. 19.30

**Robert Spano**, hljómssveitarstjóri  
**Ástríður Alda Sigurðardóttir**, einleikari

**CHOPIN OG BEETHOVEN**

**Ludwig van Beethoven**

**Coriolan, forleikur op. 62 (1807)**

**Frédéric Chopin**

**Píanókonsert nr. 2 í f-moll, op. 21 (1829)**

**Maestoso**

**Larghetto**

**Allegro vivace**

**Hlé**

**Ludwig van Beethoven**

**Sinfónía nr. 3 í Es-dúr op. 55 (1803–04)**

**Allegro con brio**

**Marcia funèbre: Adagio assai**

**Scherzo: Allegro vivace**

**Finale: Allegro molto –**

**Poco andante –**

**Presto**



**RÁS 1**

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu  
á Rás 1 og síðan aðgengilegir í fjórar  
vikur á [www.ruv.is](http://www.ruv.is)

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum á  
meðan tónleikum stendur.



Robert Spano er talinn einn fremsti hljómsveitarstjóri sinnar kynslóðar í Bandaríkjunum. Hann hefur gegnt stöðu aðalstjórnanda við Sinfóníuhljómsveitina í Atlanta í átta ár og þykir hafa náð þar frábærum árangri, en auk þess hefur hann stýrt hljómsveitunum í Boston, Chicago, Cleveland, New York, Philadelphiu og San

Francisco. Í Evrópu hefur hann meðal annars stjórnað Concertgebouw-hljómsveitinni, La Scala-hljómsveitinni, Birmingham-sinfóníunni og Fílharmóníunni í Ósló.

Í ár heldur Atlanta-hljómsveitin upp á 65 ára afmæli sitt og af því tilefni frumflytur hún fimm ný tónverk, meðal annars sellókonsert eftir kínverska tónskáldið Angel Lam þar sem Yo-Yo Ma leikur einleik. Verkið var pantað af Carnegie Hall og var frumflutt þar undir stjórn Spanos í nóvember sl. ásamt *Næturgalanum*, óperu Stravinskíjs. Þá mun hljómsveitin frumflytja sinfóníu eftir Wynton Marsalis, sem er fyrsta verk djassleikarans fyrir sinfóníuhljómsveit og pantað í sameiningu af hljómsveitunum í Atlanta og Boston.

Spano hefur hljóðritað fjölda diska fyrir Telarc-útgáfuna ásamt hljómsveitinni í Atlanta, meðal annars Requiem eftir Berlioz og Sjávarsinfóníuna eftir Vaughan Williams, sem báðar hafa hlotið Grammy-verðlaun. Spano hlaut viðurkenninguna stjórnandi ársins 2008 í tímaritinu *Musical America*. Hann kennir við Oberlintonlistarháskólann í Ohio, er gestaprófessor við Emory-háskólann og hefur hlotið heiðursdoktorsnafnbót við þrjá skóla, meðal annars Curtis-tónlistarskólann í Philadelphiu.

Ástríður Alda Sigurðardóttir hóf nám í píanóleik 6 ára gömul hjá móður sinni, Guðrúnu Guðmundsdóttur. Vorið 1999 lauk hún einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Önnu Þorgrímsdóttur. Á árunum 2000–2003 stundaði hún nám hjá Reiko Neriki við Indiana University –



Jacobs School of Music í Bloomington þar sem hún lauk Artist Diploma með hæstu einkunn.

Ástríður hefur sótt fjöldann allan af námskeiðum og tímum í píanóleik og kammertónlist hjá listamönnum á borð við Geörgy Sebök, Ludwig Hoffmann, Janos Starker, Jürgen Schröder og Olaf Dressler. Við Indiana University naut hún styrkja frá skólanum en einnig hefur hún tvívegis fengið styrk úr minningarsjóði Birgis Einarssonar auk hvatningarstyrks frá Hafnarfjarðarbæ.

Ástríður hefur komið víða fram á tónleikum, ýmist sem einleikari eða með öðrum tónlistarmönnum, þar á meðal á Listahátíð í Reykjavík og Tíbrá. Þá hefur hún komið fram sem einleikari með Internationales Jugendsinfonie-orchester Elbe-Weser í Þýskalandi, með Sinfóníuhljómsveit Íslands og með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna.

Ástríður er meðlimur í Elektra Ensemble sem er tónlistarhópur Reykjavíkurborgar 2009, og tangósveitinni Fimm í tangó. Á síðasta ári kom út geisladiskurinn *Aldarblik* með Ástríði og söngvurunum Eyjólf Eyjólfssyni og Ágústi Ólafssyni.

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Það var Jón Leifs sem stjórnaði *Coriolan* í fyrsta sinn á Íslandi, á tónleikum Filharmóníuhljómsveitarinnar í Hamburg í Þnó 1926. Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti verkið fyrst undir stjórn Róberts A. Ottóssonar 1951, en nokkuð langt er síðan það heyrðist síðast í flutningi sveitarinnar, undir stjórn Michaels Tabachnik árið 1991. Sinfóníuhljómsveit áhugamanna flutti forleikinn undir stjórn Olivers Kentish 2002.

### LUDWIG VAN BEETHOVEN

### *Coriolan, forleikur*



Á áratugalöngum tónsmíðuferli sínum gerði Ludwig van Beethoven (1770–1827) margar tilraunir til óperusmíða þótt aðeins ein slík líti dagsins ljós, reyndar í þremur ólíkum útgáfum: óperan *Leónóra* sem síðar fékk heitið *Fidelíó*. Þótt lítið yrði úr flestum óperuhugleiðingunum samdi Beethoven kynstrin öll af tónlist fyrir leiksvið, og þá er eins og sjálfsgagnrýnin hafi ekki komið eins harkalega niður á afköstunum: ballettinn *Verur Próméþeifs* og tónlist við fimm leikrit: *Egmont*, *Coriolan*, *Stefán konung*, *Rústír Aþenu* og *Húsið vígt*. Að *Egmont* Goethes undanskildum eru þessi leikrit nú flestum gleymd, en tónlist Beethovens lifir.

*Coriolan* var eitt af fyrstu verkefnum tónskáldsins í leikhúsi. Hér var ekki um að ræða samnefnt leikrit Shakespeares, heldur harmleik hirðritarans Heinrich Joseph von Collin, sem frumfluttur var í Vínarborg 24. nóvember 1802. Við það tækifæri var leikinn tónlist sem fengin var úr óperu Mozarts, *Idomeneo*, og Beethoven, sem var viðstaddur flutninginn, ákvað fljótt að semja eigin tóna við verkið. Augljóst er hvað höfðaði til hans í leiknum. Í brjósti söguhetjunnar, sem er stjórnmalaskörungur og frelsishetja, bærast djúpar og stundum andstæðar tilfinningar: þjóðerniskennnd, trúfesti, metnaður og stolt. *Coriolan* er rómverskur herforingi sem hefur verið gerður brottrækur frá Rómaborg þrátt fyrir áralanga þjónustu, og hann leitar hefnda og hyggst ráðast gegn heimaborg sinni með öflugum lífsstyrk. Móðir hans og eiginkona hvetja hann til að hætta við, en hann gefur sig rómverska lýðnum á vald og kys að deyja fremur en bíða lægri hlut.

Beethoven fullgerði forleikinn snemma árs 1807 og hann var fyrst fluttur í mars það ár, ekki þó sem inngangur að leikritinu heldur á tónleikum þar sem einnig heyrðust nokkrar sinfóníur hans og fjórði pianókonsertinn. Tónlistin vakti strax aðdáun; í október 1808 lofsöng gagnrýnandi *Allgemeine musikalische Zeitung* forleikinn, sem væri „fullur af kröftugu innra lífi, frumlegum hljómabreytingum og sannarlega harmrænn, en erfiður að flytja vel“. Beethoven ferst lýsing söguhetjunnar vel úr hendi; í hans huga stóð tóntegundin c-moll alla tíð fyrir harmrænar hetjudáðir. Langir upphafstónarnir eru eins og tættir í sundur af ómstríðum hljómunum, og stefin sem fylgja í kjölfarið sýna okkur ólíkar hliðar á hetjunni, annað órólegt, hitt yfirvegað og fagurt. Niðurlagið er undurveikt, enda átti það að leiða beint inn í upphaf leiksins fremur en þakklátt lófatak tónleikagesta.

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

*Bandaríski píanóleikarinn Ann Schein frumflutti píanókoncert nr. 2 eftir Chopin á Íslandi í Þjóðleikhúsinu árið 1958. Hún lék verkið með hljómsveitinni einnig árin 1974 og 2002, en meðal annarra einleikara má nefna Vladimír Ashkenazy undir stjórn Daniels Barenboim árið 1971, Ivo Pogorelich 1982 og Grigoríj Sokolov 1995. Konsertinn hefur einnig heyrst í flutningi annarra hljómsveita, m.a. lék Richard Simm verkið með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna í mars á þessu ári.*

### FRÉDÉRIC CHOPIN

### Píanókoncert nr. 2



Eins og flest tónskáld „rómantísku kynslóðarinnar“ sem haslaði sér völl skömmu eftir andlát Beethovens var Frédéric Chopin (1810–1849) meistari hinna smáu forma. Píanóið reyndist hinn fullkomni miðill fyrir músíkalskt skynbragð hans, og tekjur hans af kennslu og píanóleik í sölum hefðarfólks í París voru slíkar að hann hafði enga þörf – og enn síður löngun – til að troða upp opinberlega með konsertum og öðrum verkum sem næðu til stærri áheyrendahóps. Chopin samdi hvorki óperur né sífóníur, engin kórverk eða sífónísk ljóð, og að undanskildu píanótríói frá æskuárunum sem sjaldan heyrast er aðeins eitt fullburða kammerverk á verkaskrá hans, sónatan fyrir selló og píanó. Píanókoncertarnir tveir, í e-moll op. 11 og f-moll op. 21, eru báðir æskuverk og fátíð dæmi um glímu hans við stærri form. Chopin samdi þá á árunum 1829–30, þá nítján ára gamall, um svipað leyti og hann bjó sig undir að flytjast frá Varsjá og hasla sér völl í einu af höfuðvígjum tónlistarinnar, sjálfri Parísarborg.

Píanókoncertum Chopins hefur verið legið á hálsi fyrir að vera ekki annað en útvíkkuð smáform sem einleikarinn heldur uppi einn síns liðs við lítilfjörlegan hljómsveitarundirleik. Vissulega má finna slíkum efasemdum stað, enda takmarkast hlutverk hljómsveitarinnar að mestu við framsögu fyrsta þáttar, þegar helsta stefjafni kafans er kynnt til sögunnar áður en píanistinn hefur leik sinn. Þó ber að hafa fyrirmyndir tónskáldsins í huga hvað þetta varðar. Konsertar Mozarts og Beethovens, sem almennt slógu tóninn hvað varðar kraftmikið og dramatískt samspil einleikara og hljómsveitar á 19. öld, hljómuðu ekki í Varsjá fyrr en eftir að Chopin hafði flust til Parísar. Því gæti áhrifa þeirra ekki í konsertum Pólverjans unga. Hann átti ekki annarra kosta vöð en að leita í smíðju smærri meistara – Hummels, Kalkbrenners og Fields – þar sem hlutverk hljómsveitarinnar er ekki eins stórbrotið.

Hvað tónlistina sjálfa varðar má með nokkrum rétti halda því fram að Chopin taki smærri form sem honum voru hugstæð og vikki þau út á ýmsa vegu. Fyrsti kafinn er eins konar ballaða í sönötuformi, dramatískur og ljóðrænn á víxl. Annar þáttur er kyrrlát nokturna, fögur næturstemning sem stundum minnir á óperuaríu þar sem einleikarinn bregður sér í hlutverk einsöngvara með fljótandi laglínunum í hægri hendi. Lokapátturinn er masúrki, pólskur sveitadans í þrískiptum takti sem var þegar tekinn að njóta vinsælda meðal hefðarfólks í Parísarborg þegar Chopin hóf feril sinn sem tónskáld. Hér er slegið á léttari strengi, og hver danskaflinn tekur við af öðrum með viðeigandi virtúósaskrauti og glæsihlaupum.



Í maí 1804 tilkynnti franska þingið að Napóleon Bonaparte hefði verið gefin keisaranafnbót og í desember sama ár tók hann við krúnunni úr hendi Píusar VII páfa. Þessi gjörningur var reiðarslag öllum þeim sem höfðu trúað á fyrirheit frönsku byltingarinnar um jafnrétti og bræðralag meðal manna. Einn þeirra sem missti trúna á Napóleon við þessa atburði var Ludwig van Beethoven, sem

hafði einmitt nýlokið við sínfóníu til heiðurs franska konsúlnum. Beethoven var svo misboðið að hann strikaði út tileinkun sínfóníunnar – „intitolata Bonaparte“ – með slíku offorsi að gat kom á titilsíðu handritsins. Í staðinn kom yfirskrifin „Sinfonia eroica per festeggjar il suovenire d’un gran uomo“ eða „Hetjuhljómkviða – samin í minningu mikilmennis.“

Beethoven hafði þegar getið sér orð fyrir byltingarkenndar tónsmíðar sínar en með þriðju sínfóníunni gekk hann lengra en nokkru sinni áður. Aldrei hafði áður heyrst þvílík djörfung í hljóma vali, formi eða tímalengd. *Eroica* er allt að því helmingi lengri en almennt tíðkaðist og fyrsti þátturinn einn og sér er á við heila Haydnsínfóníu af eldri gerðinni. Sínfónían var frumflutt á heimili prinsins Franz Joseph von Lobkowitz, sem var mikill velgjörðarmaður tónskáldsins, en fyrsti opinberi flutningurinn fór fram í apríl 1805 í Theater an der Wien. Vínarbúar vissu vart hvaðan á sig stóð veðrið. „Ég gef ykkur kreutzer ef þið hættið þessum hávaða,“ á örvæntingarfullur tónleikagestur að hafa hrópað úr einni stúkunni. Einn gagnrýnandi sagði að þótt enginn skortur væri á „óvæntum og fögrum köflum frá hendi hins þróttmikla og hæfileikaríka tónskálds,“ þá væri verkið í heild „týnt í frumskógi lögleysunnar.“ Annar sagði að sínfónían væri „of þung, of löng og óbærileg venjulegu áhugafólki um tónlist.“ Þótt hugsjónir frönsku byltingarinnar væru mörgum gleymdar var músíkylting Beethovens rétt að byrja.

*Eroica* hefst með tveimur mikilfenglegum hljómunum sem gefa til kynna hverjar áherslurnar verða. Sellóin leika upphafsstefið, lagræna hendingu sem spunnin er



## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

*Jón Leifs stjórnaði Hamborgarfílharmoníunni í Eroicu-sinfóníunni í júní 1926, en síðan leið tæpur aldarfjórðungur þar til hún heyrðist næst. Hermann Hildebrandt stýrði henni í Þjóðleikhúsinu 1950, og alls hefur Sí flutt hana átján sinnum, m.a. undir stjórn Maxims Sjostakovitsj árið 1970 og Jukka-Pekka Saraste árið 1984.*

---

út frá tónum Es-dúr hljómsins. Ekki líður þó á löngu þar til stefið lendir á óvæntum slóðum, með tóninum Cís, sem á ekki heima í tóntegundinni og styður við minnkaðan sjöundarhljóm sem getur leitt okkur svo að segja hvert sem er. Þótt við lendum fljótlega aftur á heimaslóðum í þetta sinn er þetta tvímælaust fyrirboði þess sem koma skal. *Eroica* er sinfónía hins óvænta, og maður skyldi varast að þykjast vita hvað leynist handan við næstu beygju.

Það líður heldur ekki á löngu þar til taktfestan sem Beethoven gaf til kynna með upphafshljómunum tveimur er fokin út í veður og vind. Á tímabili er engu líkara en að taktstrikin séu hreinlega horfin, eða að minnsta kosti rækilega færð til, og Beethoven breytir þrískipta taktinum í tvískiptan þar til maður veit varla hvað snýr upp eða niður. Þegar helstu stef kaflans hafa hljómað tekur úrvinnslan við. Hér kemur Beethoven okkur stöðugt á óvart, m.a. með því að breyta kunnuglegum stefjum svo mjög að þau hljóma algjörlega ný, og með því að kynna til sögunnar fúगतó í hálfgildings barokkstíl. Lengst gengur hann þó með því að hægja á hljómunum svo um munar, og hlaða ómstríðum hverri ofan á aðra svo að margt hljómar enn nýstárlega þótt meira en tvö hundruð ár séu liðin. Skyndilega dettur dýnamíkin úr mjög sterku niður í mjög veikt, og hljómarnir gefa til kynna að við séum við það að komast aftur heim í Es-dúr og upphafsstefið.

Enn leikur Beethoven sér með væntingar hlustandans; á meðan flest hljóðfærin eru enn að undirbúa endurkomu upphafsstefsins með forhljómi (B-dúr) kemur hornið inn með aðalstefið í heimatóntegundinni, Es-dúr. Útkoman er vægast sagt sérkennileg. Það er engu líkara en að hornið hafi komið inn of snemma, enda hrópaði eftirlætis nemandi Beethovens, Ferdinand Ries, upp yfir sig þegar sinfónían var flutt í fyrsta sinn: „Fjárans hornleikarinn! Kann hann ekki að telja?“ Við þessi ummæli er Beethoven sagður hafa reiðst svo mjög að hann var næstum því búinn að gefa umræddum Ries utanundir.

Annar kafli sinfóníunnar er útfararmars í c-moll sem hefst með tregafullri hendingu í dempuðum strengjum. Þetta er viðamikill kafli og Beethoven teflir fram dramatískum andstæðum. Um skeið er tónlistin komin í bjartan C-dúr, með ljúfu óbóstefti sem leiðir inn í mikilfenglegan forte-kafla með pákum og trompetum áður en útfararmúsíkin snýr aftur. Stundum er engu líkara en að treginn sé við það að bera tónlistina ofurlíði. Þegar fiðlurnar reyna að hefja aðalstefið er eins og þær komist ekki áfram, verða strandaglópar á háum tóni sem sellóin taka við með þrumandi tónum sem leiða inn í enn annan dramatískan millþáttinn. Í lokin heyrst upphafsstefið í molum; fiðlurnar



standa eftir einar og óstuddar, en kontrabassarnir styðja við með plokki á stöku stað.

Þótt scherzo-þátturinn hefjist á veiku nótunum er hann fullur af lífi og fjöri. Hér er líka nokkuð um ófyrirséða rytma þótt ekki jafnist á við upphafskafnann. Á fyrstu áratugum símfóníuformsins um miðja 18. öld var lokapátturinn oftast smærri í sniðum en upphafskafninn, en þetta breyttist fljótt. *Júpíter*-símfóníu Mozarts (1788) lýkur með stórbrotnum kafla fullum af tónsmíðabrellum, og Beethoven átti seinna eftir að þenja lokapátt símfóníuformsins til hins ítrasta með Níundu símfóníu sinni. Í *Eroícu* er lokapátturinn hápunktur verksins í heild og leysir um alla þá spennu sem hefur safnast upp í fyrri

köflum. Þátturinn samanstendur af tilbrigðum um stef sem Beethoven hafði samið um 1801 og notað bæði í balletti sínum *Verur Próméþeifs* (*Die Geschöpfe des Prometheus*), og í píanótilbrigðum op. 35. Stefið er ofureinfalt en hentar vel til margvíslegra umbreytinga sem höfundurinn nýtir sér til hins ítrasta, til dæmis með virtúósavariasjón fyrir fiðlur og flautu, litríkum sígaunadansi í *g*-moll og sálmalagastemningu í tréblásurum. Tignarlegir lokataktarnir vísa aftur til upphafshljómanna tveggja í fyrsta kafla nema nú eru hljómarinnir mun fleiri, enda varla vanþörf á eftir jafn ævintýrlegt ferðalag.

ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON

Fátt er betur til þess fallið en hátíðleg tónlist til að koma manni í jólaskap. Á aðventutónleikum SÍ föstudagskvöldið 11. desember hljómar hátíðleg jólatónlist frá ýmsum tímum í flutningi tveggja frábærra einsöngvara. Ingibjörg Guðjónsdóttir er ein af fremstu sópransöngkonum landsins og hefur bæði gullfallega rödd og heillandi sviðsframkomu. Hún hefur verið fulltrúi Íslands á tónlistarhátíðum víða um heim og fyrir nokkrum árum kom út hljómdiskur þar sem hún syngur aríur eftir Mozart við undirleik Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Gissur Páll Gissurarson er einn efnilegasti íslenski tenórinn af yngri kynslóðinni. Hann nam í Bologna á Ítalíu og síðan í einkatímum hjá Kristjáni Jóhannssyni. Gissur hefur sungið við fjölmörg óperuhús m.a. á Ítalíu og í Þýskalandi og hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir söng sinn. Stjórnandi á tónleikunum er Daníel Bjarnason.

Efnisskráin er hrifandi blanda hátíðartóna sem hafa snert strengi í hugum hlustenda um langa hríð. Fluttir verða þættir úr *Jólaóratóríu* Bachs og *Messíasi* eftir Händel auk þess sem *Jólakonsertinn* sívinsæli eftir Arcangelo Corelli hljómar í flutningi strengjasveitar SÍ. Þá má nefna *Panís Angelicus* eftir César Franck, *Ave María* eftir Sigvalda Kaldalóns, og *Ó, helga nótt* eftir Adolphe Adam. Þeir sem vilja njóta hátíðlegrar tónlistar á aðventunni ættu að tryggja sér miða á þessa tónleika sem fyrst.



# Gjöf sem hljómar vel

---

Gjafakort Sinfóníuhljómsveitar Íslands er tilvalin jólagjöf fyrir tónlistarunnendur á öllum aldri. Tónleikaárið einkennist af mikilli fjölbreytni og því ættu allir að finna tónleika við sitt hæfi.

Gjafakortið sjálft er fallett og hefur ótakmarkaðan gildistíma.



Komdu við hjá okkur í Háskólabíói eða hafðu samband í síma **545 2500** og við aðstoðum þig með jólagleði. Einnig er hægt að senda póst á [sinfonia@sinfonia.is](mailto:sinfonia@sinfonia.is) og fá upplýsingar eða tilboð fyrir stærri pantanir. Athugið! Áskrifendur fá 10% afslátt af gjafakortum Sinfóníunnar.

Á hverju efni taka ungir hljóðfæranemendur þátt í einleikarakeppni á vegum SÍ og Listaháskóla Íslands. Þeir sem þykja skara fram úr fá að spreyta sig sem einleikarar með hljómsveitinni og það er mál manna að sjaldan ríki jafn mikil eftirvænting og gleði í salnum og á þessum tónleikum.

Einleikarakeppnin fór fram í byrjun nóvember sl. og dómnefnd kaus tvo einleikara til að koma fram með hljómsveitinni 14. janúar. Matthías Sigurðsson mun leika klarínettukonsert eftir Carl Maria von Weber og Helga Svala Sigurðardóttir leikur flautukonsert eftir Ibert. Bæði eru þau nemendur við Tónlistarskólann í Reykjavík.

Þá verða leikin tvö verk eftir ung íslensk tónskáld sem stunda eða hafa nýlokið tónlistarnámi erlendis: *Þórdísarhyrna, 1.-12. umferð* eftir Hafdísí Bjarnadóttur og *Dreaming* eftir Önnu Þorvaldsdóttur.

Það er sannkallað gleðiefni að íslensk þjóð skuli búa yfir þeim mannauði sem felst í yngstu kynslóð íslensks tónlistarfólks. Þetta eru tónleikar sem áhugamenn um framtíð tónlistarlífsins láta sig ekki vanta á.

## HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM 3. DESEMBER 2009

---

### 1. fiðla

Guðný Guðmundsdóttir  
Andrzej Kleina  
Zbigniew Dubik  
Bryndís Pálsdóttir  
Mark Reedman  
Una Sveinbjarnardóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Lin Wei  
Margrét Kristjánsdóttir  
Martin Frewer  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Rósa Guðmundsdóttir  
Sigríður Hrafnkelsdóttir

### 2. fiðla

Greta Guðnadóttir  
Ari Þór Vilhjálmsson  
Pálína Árnadóttir  
Christian Diethard  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Þórdís Stross  
Roland Hartwell

### Vióla

Helga Þórarinsdóttir  
Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Svava Bernharðsdóttir  
Sesselja Halldórsdóttir  
Sarah Buckley  
Kathryn Harrison  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Eyjólfur Alfreðsson

### Selló

Sigurgeir Agnarsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Inga Rós Ingólfssdóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Lovísa Fjeldsted  
Margrét Árnadóttir  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

### Bassi

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Þórir Jóhannsson  
Richard Korn  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson  
Jóhannes Georgsson

### Flauta

Hallfríður Ólafsdóttir  
Martial Nardeau

### Óbó

Daði Kolbeinsson  
Peter Tompkins

### Klarinett

Rúnar Óskarsson  
Sigurður I. Snorrason

### Fagott

Rúnar Vilbergsson  
Brjánn Ingason

### Horn

Joseph Ognibene  
Emil Friðfinnsson  
Stefán Jón Bernharðsson

### Trompet

Ásgeir Steingrímsson  
Einar Jónsson

### Básúna

David Bobroff, bassabásúna

### Pákur

Frank Aarnink

samstarfsaðilar

---

# Sónata í A fyrir bragðlaukana

*Komdu á Skrúður áður en  
þú ferð á tónleikana  
og kvöldið verður ógleymanlegt.*



PIPAE • SÍA • 2017

**Skrúður**  
bistro • restaurant • bar

Hótel Sögu / S: 525 9970 / [www.skrudur.is](http://www.skrudur.is)

# Árið hefst á Vínartónleikum

  
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

## VÍNARTÓNLEIKAR 2010

Mið. 06.01.10 » 19:30  
Fim. 07.01.10 » 19:30  
Fös. 08.01.10 » 19:30  
Lau. 09.01.10 » 17:00 Örfá sæti laus

Árið byrjar með sannkölluðum hátíðarbrag á Vínartónleikum þar sem hljóma sígrænar perlur eftir meistara óperettunnar. Einsöngvarar eru tveir af okkar fremstu söngvurum, **Finnur Bjarnason** og **Þóra Einarsdóttir**. Hljómsveitarstjóri er **Christopher Warren-Green**. Vínartónleikarnir hafa um árabíl verið vinsælustu tónleikar hljómsveitarinnar, enda varla hægt að hugsa sér ljúfari upptakt að nýju ári.

Miðaverð: 4.400/4.100 kr.

Tryggðu þér miða á [www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is)  
eða í síma 545 2500

ADALSTYRKARABÍLAR

BORGUN

Morgunblaðið

„Þrátt fyrir að  
hafa spilað í  
hljómsveitinni í  
meira en 20 ár,  
finnst mér alltaf  
jafn gaman að  
spila á Vínar-  
tónleikum.“

Martin Frewer fiðluleikari

